

Þriðjudaginn 3. október 1989.

Nr. 374/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Þór Karlssyni Wilcox.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1989 samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa sín um niðurfellingu ökuleyfissviptingar til bráðabirgða tekin til greina.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins og þess getið, að 28. september 1989 hafi ákæra verið gefin út á hendur varnaraðila og þar krafist refsingar og sviptingar ökuréttinda vegna þeirrar háttsemi hans, sem mál þetta snýst um.

Varnaraðili var handtekinn á Blönduósi 24. apríl 1989, grunaður um ölvun við akstur. Vottorð um alkóhólákvörðun í blóði hans er dagsett 3. maí 1989. Með bréfi 5. júlí 1989 sendi sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu lögregluskýrslur og önnur málgögn bæjarfógetanum í Hafnarfirði, sem 17. júlí tók ákvörðun um að svipta varnaraðila ökuréttindum til bráðabirgða. Þá voru réttar tólf vikur liðnar, síðan varnaraðili var talinn hafa gerst sekur um ölvun við akstur.

Í 103. gr. umferðarlaga segir: „Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er.“ Tíu vikur liðu, áður en sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sendi gögn málsins bæjarfógetanum í Hafnarfirði. Verður að telja, að ákvörðun um ökuleyfissviptingu hafi mátt bíða dómsúrlausnar í máli varnaraðila, úr því sem komið var. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Hafnarfirði 17. júlí 1989.

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framan- greind ökuleyfisvipting til bráðabirgða.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 20. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi sakadóms Hafnar- fjarðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn úrskurður í sakadómsmálinu nr. 89/1712: Krafa Þórs Karls- sonar Wilcox um, að felld verði niður bráðabirgðaökuleyfisvipting frá 20. júlí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag að lokinni skýrslutöku fyrir dómi af kærða.

Kærði er fæddur 10. maí 1947, sölumaður að atvinnu, til heimilis að Lyngbergi 39, Hafnarfirði. Hann hefur samkvæmt sakavottorði, dags. 23.6. 1989, sætt kærur og refsingum sem hér segir:

Málavextir.

Mánudaginn 24. apríl 1989 kl. 13.29 var Kristján Þorbjörnsson, aðal- varðstjóri í lögreglunni í Húnavatnssýslu, að aka vestur Hnjúkabyggð á Blönduósi, er hann veitti athygli bifreiðinni Y 512, sem ekið var í átt að Hnjúkabyggð af götu, sem liggur meðfram ánni Blöndu, en að sögn lög- reglumannsins er gata þessi fyrir nokkru aflögð sem alfaraleið og lítil um- ferð um hana.

Kristján gaf ökumanni bifreiðarinnar stöðvunarmerki, og staðnæmdist hann, er hann kom að Hnjúkabyggðinni. Ökumaður reyndist vera kærði í máli þessu, Þór Karlsson Wilcox. Er Kristján ræddi við ökumanninn, lagði af honum megnan áfengisþef. Var hann því tekinn upp í lögreglu- bifreiðina og ekið að lögreglustöðinni á Blönduósi. Þá var Kristófer Sæmundsson lögreglumaður fenginn til að sækja bifreiðina Y 512, enda bifreiðin ekki í meira en 400 m fjarlægð frá lögreglustöðinni.

Kærði blés í öndunarsýni á lögreglustöðinni, og sýndi það fjögur stig. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði drukkið áfengi daginn áður og fram á nótt, hefði það verið bjór, og hefði hann drukkið mikið af honum.

Tekin var varðstjóraskýrsla af kærða þarna á lögreglustöðinni, og hófst skýrslutaka kl. 13.36. Við yfirheyrslu þessa var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. l. nr. 74/1974 og kærði áminntur um sannsögli. Jafnframt var gætt ákvæða 4. mgr. 61. gr. l. nr. 74/1974, sbr. l. nr. 53/1979.

Ekki kemur fram, að kærði hafi óskað eftir skipun réttargæslumanns. Kærði var spurður: „Varst þú að aka? Ef svo er, hver er lýsing þín á akstursleiðinni?“

Svar hans var: „Já, ég ók þaðan, sem ég var gestkomandi, og þar til ég var stöðvaður.“

Þá var kærði spurður: „Hefur þú verið að drekka áfengi/neytt lyfja? Sé svo, hvaða áfengis/lyfja og hve mikið?“

„Ég drakk áfengi í gær til um 2.00 í nótt. Ég drakk bjór, um 10-12 bjóra.“

„Hvar og hvenær varstu við drykkjuna/lyfjaneysluna?“

„Í húsi á Blönduósi hjá vínafólki.“

Aðspurður, hvort kærði hafi fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, svarar hann neitandi.

Aðspurður um svefn síðustu 2-3 sólarhringa svaraði kærði: „Venjulegur svefntími.“

Aðspurður, hvort hann hefði drukkið áfengi, eftir að hann hætti að aka, svaraði kærði neitandi.

Skýrsla þessi er gerð af fyrrnefndum Kristjáni Þorbjörnssyni aðalvarðstjóra. Vottur við skýrslutökuna var Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður nr. 2 á Blönduósi. Skýrslan er undirrituð af kærða og skráð, að hann viki frá kl. 13.49.

Um ástand kærða að öðru leyti segir, að áfengisþefur sé af andardrætti. Jafnvægi er sagt stöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður, öndunarsýni er sagt sýna fjögur stig og sagt, að sýni hafi verið tekið til alkóhól-ákvörðunar af blóði, og tekið fram, að mjög sterkur áfengisþefur hafi verið af kærða.

Að skýrslutöku á lögreglustöð lokinni tók Logi Björnsson læknir blóðsýni úr kærða til ákvörðunar á alkóhólmagni. Niðurstaða rannsóknar á blóðsýni þessu, sem merkt var Hún. 07-89, var 1,07‰.

Miðvikudaginn 19. júlí 1989 kom kærði til skýrslutöku hjá rannsóknar-lögreglunni í Hafnarfirði vegna þessa máls. Í þessari skýrslu kvaðst kærði hafa verið á Blönduósi á fyrrgreindum tíma. Kvaðst kærði hafa dvalist á hóteli á Blönduósi. Þá skýrði kærði svo frá, að hann hefði ekki verið að aka bifreið, heldur komið að bifreiðinni Y 512, og hafi tilgangurinn verið að hringja og láta sækja sig. Kærði kvaðst hafa ræst bifreiðina, og þá hafi lögreglan komið og fært sig til blóðtöku og varðstjóraskýrsla verið tekin af sér. Þá kannaðist kærði við þessa yfirheyrslu við undirskrift sína undir varðstjóraskýrsluna. Þá var honum bent á, að í varðstjóraskýrslunni væri haft eftir honum, að hann hefði verið að aka. Kærði sagði, að þetta væri ekki rétt og hefði sér yfirsést þetta við undirritun skýrslunnar. Kærði sagðist hafa ætlað að hringja í Hjörleif Júlíusson, en ekki verið búinn að því, er

lögreglan handtók sig. Kærði kannaðist við að hafa verið að drekka þarna nóttina áður og það sé rétt eftir sér haft í skýrslu varðstjóra.

Kærði var spurður, hvaðan hann hefði verið að koma, er hann fór að bifreiðinni. Kærði kvaðst hafa gengið frá hótelinu. Kærði sagðist hafa skilið bifreiðina þarna eftir kvöldið áður og neitaði því að hafa ekið.

Þá var haft eftir kærða, að hann vildi ítreka það, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni og hefði fengið nóg af því að missa ökuréttindi.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði gaf út 17. júlí 1989 ákvörðun um, að kærði skyldi vegna brots þess, sem hann er hér kærður fyrir, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Ákvörðunin var kynnt kærða 19. júlí 1989 og öðlaðist gildi 20. júlí 1989.

Þegar er framburður kærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði lá fyrir, þótti nauðsynlegt að rannsaka mál þetta frekar. Var því málið með bréfi lögreglustjórans í Hafnarfirði, dags. 20. júlí 1989, sent sýslumanninum í Húnavatnssýslu. Var í bréfi þessu, í ljósi framburðar kærða fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, óskað eftir því, að tekna yrðu skýrslur af lögreglumönnum þeim, er að málinu unnu. Var þess beiðst, að málið yrði endursent að skýrslutöku þessari lokinni.

Í lok ágúst sl. barst sakadómi Hafnarfjarðar síðan kæra sú, sem hér er fjallað um, með bréfi Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, dags. 25. ágúst 1989. Bréfið er svohljóðandi:

„Til mín hefur leitað Þór Karlsson Wilcox, Lyngbergi 39, Hafnarfirði, og falið mér að gera kröfu til þess, að felld verði niður bráðabirgðaökuleyfissvipting, sem honum var gert að sæta 13. júlí sl. af hálfu embættis yðar vegna ætlaðs ölvunaraksturs 24. apríl 1989.

Skjólstæðingur minn hefur neitað öllum sakargiftum í skýrslu, sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði nú nýlega. Með tilliti til þessa var því ekki grundvöllur til ökuleyfissviptingarinnar.

Máli þessu óskast hraðað eftir föngum.

Virðingarfyllt.

Hilmar Ingimundarson (sign).

Hilmar Ingimundarson hrl.“

Um beðnar skýrslur af lögreglumönnum á Blönduósi bárust með bréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 8.9. sl.

Kristján Þorbjörnsson aðalvarðstjóri gaf skýrslu, dags. 30.8. 1989. Hann skýrir frá því, að þennan dag, þ.e. 24. apríl sl., hafi hann verið að aka frá lögreglustöðinni og ekið vestur Hnjúkabyggð. Þegar hann hafi verið kominn fram hjá lögreglustöðinni og að gatnamótunum við Þingbraut, hafi hann séð bifreiðinni Y 512 ekið eftir árbakkanum á Blöndu, en þar sé gata, sem sé lítið sem ekkert notuð, þótt hún sé opin. Þar sem gata þessi tengist Hnjúkabyggð, kvaðst aðalvarðstjórinn hafa stöðvað akstur þessarar

bifreiðar og haft tal af öikumanni hennar, sem hafi sagst heita Þór Karlsson Wilcox. Mikinn áfengisþef hafi lagt frá öikumanni, og hafi hann því verið tekinn í lögreglubifreiðina og færður á lögreglustöðina. Þar hafi Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður nr. 2, verið staddur, og hafi hann farið gangandi að sækja bifreiðina Y 512, enda stutt að fara.

Aðalvarðstjórinn skýrði frá því, að við yfirheyrslu hefði kærði, Þór, viðurkennt akstur, enda hefði hann verið stöðvaður í akstrinum.

Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður nr. 2 á Blönduósi, gaf skýrslu 1.9. 1989. Hann sagði, að er komið var með Þór Karlsson Wilcox á lögreglustöðina, hefði hann verið þar, og hefði hann farið gangandi að bifreið hans, Y 512. Bifreiðin hafi verið á gatnamótum stutt frá lögreglustöðinni, á götu, sem liggur meðfram Blöndu og að Hnjúkabyggð. Hann kveðst hafa ekið bifreiðinni að lögreglustöðinni. Þegar kærði, Þór, hafi verið yfirheyrður á lögreglustöðinni, hafi hann viðurkennt aksturinn, enda ekki verið neitt vafamál, að hann hafi verið að aka bifreiðinni.

Kærði kom hér fyrir dóm í dag.

Í skýrslu, sem af honum var tekin, hélt hann fast við þann framburð, að hann hefði ekki verið að aka í umrætt sinn, og sagði, að um hefði verið að ræða misskilning hjá sér, er hann gaf skýrslu hjá varðstjóra á lögreglustöðinni á Blönduósi 24. apríl sl. Hann hafi ekki ætlað að segja, að hann hefði ekið, heldur að hann hefði komið gangandi að bifreiðinni.

Niðurstöður.

Með játningu kærða í varðstjóraskýrslu, skýrslum lögreglumanna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er svo að sjá, að mál þetta sé að fullu upplýst. Lögreglustjórinn í Hafnarfirði tók ákvörðun um að svipta kærða ökuréttindum til bráðabirgða í samræmi við skýlaus ákvæði 103. gr. 1. nr. 50/1987, og byggðist ákvörðunin á framangreindum gögnum.

Sú röksemd, sem fram kemur í kærðu hæstaréttarlögmannsins Hilmars Ingimundarsonar, að með tilliti til þess, að skjólstæðingur sinn hafi neitað öllum sakargiftum í skýrslu, er hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, sé ekki grundvöllur til ökuleyfissviptingar, er með öllu haldlaus.

Fram hefur komið, að við lögreglurannsókn þá, sem fram hefur farið í máli þessu, hafi í hvívetna verið gætt ákvæða þeirra, sem skylt er að gæta við lögreglurannsóknir skv. V. og VIII. kafla 1. nr. 74/1974, sbr. 1. gr. 1. nr. 53/1969.

Það athugast, að í kærinni, dags. 25. ágúst 1989, segir ranglega, að kærða hafi verið gert að sæta sviptingu ökuleyfis 13. júlí sl. Gögn málsins bera með sér, að kærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá 20. júlí 1989.

Með vísan til alls framanritaðs ber að hafna kröfu kærða um niðurfellingu bráðabirgðaökuleyfissviptingar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Þórs Karlssonar Wilcox um, að felld verði niður svipting ökuréttinda til bráðabirgða, ákveðin af lögreglustjóranum í Hafnarfirði 17. júlí 1989, er öðlaðist gildi 20. júlí 1989, er hafnað.
